

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2023



EFNISYFIRLIT

Formáli	1
Um Náttúrustofuna	3
Starfsfólk og stjórn	4
Hreindýr	18
Umhverfisvöktun	21
Gróður	25
Fuglar	27
Fiðrildi	35
Fræðsla	36
Stiklur úr starfsemi	38
Starfsmannasamvera	45
Fjármál	46
Ritlisti	47
Erindi og veggspjöld	49

Ritstjóri: Áslaug Lárusdóttir

Texti: Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Hálf dán Helgi Helgason, Jóhann Finnur Sigurjónsson, Kolbrún Þóra Sverrisdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Margrét Gísladóttir.

Ljósmyndir: Starfsfólk Náttúrustofu Austurlands

Ljósmynd á forsiðu: Guðrún Óskarsdóttir

FORMÁLI

Flugslysið í Sauðárhlíðum þann 9. júlí 2023 markaði starfsárið 2023 þegar tveir starfsmenn Náttúrustofunnar; Skarphéðinn G. Þórisson og Fríða Jóhannesdóttir létust við sumartalningar hreindýra þegar flugvélin TF-KLO af gerðinni Cessna 172 fórst. Flugmaðurinn, Kristján Orri Magnússon lést einnig í slysinu. Við fengum mikla og góða hjálp frá Áfallateymi Austurlands í kjölfar slyssins auk þess sem stjórn Náttúrustofunnar stóð þétt við bakið á okkur og er óhætt að segja að Líneik Anna Sævarsdóttir stjórnarformaður hafi þar gegnt ómetanlegu hlutverki.

Samfélagið hélt líka vel utan um okkur, bæði okkar nærsamfélag og vísindasamfélaginu. Við deildum áfallinu með mörgum. Óteljandi samtöl, skilaboð, kort og auðsýnd samúð og samhugur veitti sannarlega styrk á erfiðum tímum. Mestan styrk sóttum við þó mörg hver líklega í samskipti við aðstandendur.

Það er óþægilegt að reyna að skrifa eitthvað eins hversdagslegt og formála að ársskýrslu fyrir árið 2023 sem reyndist svo erfitt. Ljóst er að Náttúrustofa Austurlands væri ekkert án þess hæfa og ósérhlífna starfsfólks sem þar vinnur og þessi erfiða lífsreynsla þjappaði okkur saman á nýjan hátt. Kannski lögðum við sérstaklega mikið á okkur að vinna verkefnin vel í anda fallinna féлага í kjölfar slyssins. Að minnsta kosti var einhver heilun fólgin í að fara í vettvangsferðir út í náttúruna, en stundum reyndist erfiðara að setjast fyrir framan tölvuskjáinn. Við minnumst þeirra Skarphéðins og Fríðu um ókomna tíð með því að vinna áfram að þeirra hugðarefnum.

Fyrir hönd starfsfólks og stjórnar Náttúrustofu Austurlands vil ég þakka öllum fyrir auðsýnda samúð, stuðning og alla hjálpinu.

Kristín Ágústsdóttir
Forstöðumaður

UM NÁTTÚRUSTOFUNA

Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Múlaþingi með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hennar hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótsdalshérað, nú Múlaþing aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð á Egilsstöðum.

Náttúrustofan vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúrufar. Markmið hennar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands. Náttúrustofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með síðari breytingum og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 með síðari breytingum.

Hlutverk Náttúrustofunnar er:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast eftirlit með náttúru Austurlands
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Starfsstöðvar Náttúrustofu Austurlands hafa verið í Vísindagarðinum á Egilsstöðum frá því hann var stofnaður og frá ársbyrjun 2021 í Múlanum samvinnuhúsi, miðstöð nýsköpunar í Neskaupstað. Á fjölbreyttum starfsstöðvum gefst tækifæri til að skapa fjölbreyttar rannsóknar-, þekkingar- og fræðslumiðstöðvar, þannig vinnustaðurinn verður eftirsóknarverður og laðar að hæft starfsfólk.

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa (SNS) sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi náttúrustofa um allt land.

STARFSFÓLK, STJÓRN OG AÐSTOÐARFÓLK

Stjórn Náttúrustofu Austurlands skipa Líneik Anna Sævarsdóttir, formaður og sameiginlegur fulltrúi sveitarfélaganna, Gunnar Sveinbjörn Ólafsson ritari og fulltrúi Fjarðabyggðar og Stefán Bogi Sveinsson meðstjórnandi og fulltrúi Múlapings.

Fastráðnir starfsmenn voru 12. Ársverk voru 9,5 auk framlags lausráðinna í afmörkuðum verkefnum. Unnar Aðalsteinsson var sumarstarfsmaður hluta sumarsins, Anna Karen Marinósdóttir aðstoðaði við úrvinnslu landupplýsinga og Páll Halldór Benediktsson kom að fiðrildarannsóknnum.

Aðalsteinn Örn Snæpórsson, Benjamín Merkel, Marie Føreid Merkel, Hafdís Jóna Sigurjónsdóttir, Páll Leifsson, Páll Halldór Benediktsson og Snæpór Aðalsteinsson aðstoðuðu við merkingar GPS gæsa.

Margir aðstoða við vöktun hreindýra, meðal annarra:

Aðalsteinn Sigurðsson, Benedikt Ólason, Eiður Gísli Guðmundsson, Friðbjörn H. Guðmundsson, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Grétar Karlsson, Halldór Bergsson, Hákon Hansson, Henning Þór Aðalmondsson, Ívar Karl Hafliðason, Jóhann G. Gunnarsson, Jón Egill Sveinsson, Lilja Jóhannsdóttir, Magnús Karlsson, Óðinn Logi Þórisson, Ólafur Gauti Sigurðsson, Ólafur Örn Pétursson, Páll Leifsson, Pétur V. Jónsson, Reimar Ásgeirsson, Sigurður Guðjónsson, Sigursveinn Agnarsson, Skúli H. Benediktsson, Stefán F. Jökulsson, Stefán Kristmannsson, Sveinbjörn Valur Jóhannsson, Sveinn Ingimarsson, Sævar Guðjónsson, Tómas Kárason, Unnar Aðalsteinsson og Þorsteinn Bergsson.

STARFSFÓLK

ÁSLAUG LÁRUSDÓTTIR

Skrifstofustjóri sinnti almennum skrifstofustörfum. Hún hafði umsjón með útgáfu og ritstjórn ársskýrslu, heimasíðu, bókasafni, tölvumálum og gagnavörslu. Að auki kom hún að öðrum verkefnum.

STARFSFÓLK

ERLÍN EMMA JÓHANNSDÓTTIR

M.Sc. líffræðingur hafði umsjón með vatnalífríkisrannsóknum ýmiss konar og umhverfissvöktun við álverið í Reyðarfirði. Hún kom einnig að öðrum verkefnum stofunnar, s.s. vöktun verndarsvæða, rannsóknum á músum o.m.fl.

STARFSFÓLK

GUÐRÚN OSKARSDOTTIR

M.Sc. náttúrufræðingur hafði umsjón með fjölbreyttum rannsóknum á gróðurfari. Hún tók þátt í umhverfisvöktun við álverið í Reyðarfirði og vöktun verndarsvæða og lykilþátta í íslenskri náttúru. Guðrún er í doktorsnámi við Háskóla Íslands og var með skert starfshlutfall á árinu.



STARFSFÓLK

HALLDÓR WALTER STEFÁNSSON

Sérfræðingur hafði umsjón með vöktun og rannsóknum á fuglum. Hann tók einnig þátt í hreindýrarannsóknum.

STARFSFÓLK

HÁLFDÁN HELGI HELGASON

M.Sc. líffræðingur sinni einkum rannsóknum og vöktun á fuglum auk þess sem hann sat sem fulltrúi Samtaka náttúrustofa í samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar. Seinni hluta árs tók hann við yfirumsjón með rannsóknum á hreindýrum hjá Náttúrustofunni. Eins og aðrir kom hann einnig að fjölmörgum öðrum verkefnum stofunnar.

STARFSFÓLK

JÓHANN FINNUR SIGURJÓNSSON

B.Sc. líffræðingur sinnti verkefnum tengdum fiskirækt í Lagarfljóti, rannsóknum á fuglum í tengslum við matsskyldar framkvæmdir, sýnatöku á fiskeldissvæðum í Reyðarfirði og greiningu og flokkun smádýra í fjöru, ferskvatni og af sjávarbotni.



STARFSFÓLK

KOLBRÚN ÞÓRA SVERRISDÓTTIR

B.Sc. líffræðingur sinni rannsóknum og vöktun á fuglum ásamt því að aðstoða við önnur verkefni Náttúrustofunnar sam-hliða því að vinna í meistaraverkefni sínu frá Háskólanum í Lundi, Svíþjóð.

STARFSFÓLK

KRISTÍN ÁGÚSTSDÓTTIR

M.Sc. landfræðingur annaðist daglegan rekstur og tók þátt í mörgum verkefnum stofunnar, einkum þeim sem lúta að vinnslu landupplýsinga.



STARFSFÓLK

MARGRÉT GÍSLADÓTTIR

M.Sc. jarðfræðingur hafði umsjón með vöktun verndarsvæða, vöktun stranda og kolefnismælingum, ásamt því að taka þátt í öðrum verkefnum stofunnar, s.s. umhverfisvöktun við álverið o.m.fl.



STARFSFÓLK - SUMARSTARFSMAÐUR

UNNAR AÐALSTEINSSON



Unnar var sumarstarfsmaður stofunnar og kom að ýmsum verkefnum.


STARFSFÓLK

ZDENEK SIROKY

M.Sc. umhverfisverkfræðingur kom að úrvinnslu og greiningu landupplýsingagagna og vettvangsrannsóknum með notkun flygilda, t.d. við fuglarannsóknir og rannsóknir á ágangi ferðamanna á náttúruverndarsvæðum, auk þess sem hann tók þátt í mörgum verkefnum stofunnar.

STARFSFÓLK

FRÍÐA JÓHANNESDÓTTIR



PhD í vist- og þróunarlíffræði sinnti m.a. rannsóknum og vöktun á hreindýrum auk þess tók hún þátt í öðrum verkefnum Náttúrustofunnar. Hún var við samtalningar á hreindýrum þegar hún lést í flugslysi þann 9. júlí.

Fríða kom til starfa hjá Náttúrustofu Austurlands í september 2022 og sinnti m.a. rannsóknum og vöktun hreindýra. Fríða var vel menntaður vísindamaður með fjölbreytta reynslu víðs vegar að úr heiminum. Það var mikill fengur að fá hana til liðs við Náttúrustofuna. Fríða vann af krafti við að setja sig inn í ný verkefni og átti sannarlega framtíðina fyrir sér við rannsóknir á náttúru Austurlands.

Fríða hafði margt til brunns að bera sem einkennir góðan vísindamann, hún var opin fyrir nýjungum, skörp, lausnamiðuð og brann fyrir viðfangsefnum sínum, sem snérist á einn eða annan hátt um að rannsaka hvernig dýr bregðast við breytingum í umhverfi sínu. Fríða var frumleg í nálgun og tilbúin að skoða viðfangsefni sín frá ólíkum hliðum. M.a. hafði hún hugmyndir um að túlka niðurstöður með aðstoð listamanna. Hún hafði mikinn áhuga á að miðla vísindum til almennings, einkum ungs fólks til að vekja áhuga.

Fríða var góður samstarfsmaður, örlítið feimin í fyrstu, hógvær, jákvæð, hlýleg og skemmtilega húmorísk og glettin. Hún hafði sinnt frumlegum rannsóknum um ævina og hafði frá mörgu að segja. Fríða hafði samkennd með bæði mönnum og dýrum og voru mýs og íkornar í sérstöku uppáhaldi hjá henni. Við munum alltaf minnst Fríðu hlýlega þegar við rekumst á þessi dýr í framtíðinni.

STARFSFÓLK

SKARPHÉÐINN G. ÞÓRISSON



M.Sc. líffræðingur hafði yfirumsjón með vöktun og rannsóknum á hreindýrum. Samhliða því kom hann að fugla- og gróðurrannsóknum og fjölmörgum öðrum verkefnum Náttúrustofunnar. Hann var við sumartalningar á hreindýrum þegar hann lést í flugslysi þann 9. júlí.

Skarphéðinn var fastráðinn sem deildarstjóri hreindýrarannsókna hjá Náttúrustofu Austurlands árið 2000, þegar stofan tók við vöktun hreindýra á Íslandi og naut Náttúrustofan starfskrafta hans nær óslitið þar til hann lést. Frá upphafi stýrði hann hreindýrarannsóknunum og var það megin viðfangsefnið alla hans starfsævi hjá Náttúrustofunni, að undanskildum árunum 2004 og 2005 þegar hann dvaldi í Afríku. Skarphéðinn sinnti öllum þáttum hreindýrarannsókna. Hann var í miklum tengslum við nærsamfélagið og flesta þá sem á einn eða annan hátt höfðu áhuga á hreindýrum. Hann mótaði og undirbjó rannsóknir, sinnti gagnaöflun og úrvinnslu, tók saman niðurstöður og kynnti mat á ágangi hreindýra á einstakar jarðir og tillögur að kvóta fyrir hreindýraráð og Umhverfisstofnun ár hvert. Má ætla að hann hafi flogið vel yfir þúsund klukkustundir við talningar á hreindýrum á þessum tíma og ómögulegt er að áætla fjölda símtala.

Auk hreindýrarannsókna, kom Skarphéðinn að fjölmörgum öðrum verkefnum stofunnar. Hann hafði mikla ánægju af því að aðstoða við rannsóknir á gróðri og lýsti því yfir að líklega hefði hann átt að leggja fyrir sig grasافرæði. Hann hélt vel utan um allar skráningar á lífverum á Austurlandi, gerði sér far um að staðfesta fundarstaði og skrifaði gjarnan fróðleikspistla um slíkt. Skarphéðinn var stundvís og nákvæmur í vinnubrögðum og þeir sem unnu með honum fengu hvatningu í flestu sem þeir tóku sér fyrir hendur.

Það var eftirsótt að fá hann með í vettvangsvinnu. Hann var lausnamiðaður og forðaðist að flækja hlutina. Enginn kom að tómunum kofanum hjá honum, hvort sem reynt var að greina fugl, stein, skordýr, plöntu eða jafnvel stöðvarkóng. Jarðfræðina las hann úr landslaginu og örnefni kunni hann manna best.

HREINDÝR

VÖKTUN HREINDÝRASTOFNSINS

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um veiðipól, ástand stofnsins og ágang hreindýra þannig að hægt sé að veita ábyrga veiðiráðgjöf. M.a. er fylgst með dreifingu á ólíkum árstímum, aldurs- og kynjahlutföllum, frjósemi, nýliðun, vetrarafkomu kálfa, dánarorsökum og líkamlegu ástandi dýranna. Gagnasöfnun er að hluta unnin í samvinnu við leiðsögumenn með hreindýraveiðum, veiðimenn, landeigendur innan útbreiðslusvæðis hreindýra og áhugasaman almenning. Þessi grunnvöktun er sígild og samfelld og breytist lítið milli ára.

HREINDÝRAVEIÐIKVÓTI

Náttúrustofa Austurlands leggur til árlegan hreindýraveiðikvóta, skipt niður eftir kyni og veiðisvæðum. Tillaga Náttúrustofunnar miðar við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila. Reynt er að halda kynjahlutfalli í stofni sem næst 4 törfum á hverjar 6 kýr eftir veiðar að hausti. Jafnframt er reynt að hafa fjölda dýra á hverju svæði vel innan marka sem talin eru geta valdið óeðlilegu álagi á land. Tillögurnar eru lagðar fyrir Hreindýraráð og Umhverfisstofnun sem senda þær til umhverfisráðherra sem ákveður kvóta hvers veiðiárs út frá tillögum.

Veiðiráðgjöf Náttúrustofu Austurlands fyrir árið 2024 var með töluvert takmarkaðra sniði en undanfarin ár og helgaðist það af skorti á gögnum um viðkomu hreindýrastofnsins árið 2023 í kjölfar flugslyssins.



HREINDÝR

HREINDÝRAVEIÐIKVÓTI frh.

Tillögur Náttúrustofunnar byggðu í grunninn, á kvóta ársins 2023 en voru varfærnar í ljósi þeirrar óvissu sem að skapaðist. Miðað var við bestu fáanlegu upplýsingar og viðmið voru þau sömu og fyrri ár, þ.e. að þéttleiki dýra færi ekki upp fyrir 1 dýr á hvern ferkílómeter hentugs beitarlands, að vísitala stofnvaxtar (λ) sé sem næst 1 þannig að hvorki fjölgi né fækki í stofninum og að kynjahlutföll séu sem næst 4 törfum á hverjar 6 kýr. Byggt var á gögnum úr vetrartalningu sem framkvæmd var á öllum svæðum í mars og apríl 2023, þó víðast hvar með mjög takmörkuðum árangri, frjósemistalningu dagana 19.-22. apríl 2023, á svæðum 1 og 2 og hluta svæða 6-8, auk upplýsinga frá Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum og Umhverfisstofnun um framgang veiða, fjölda og dreifingu dýra á og eftir veiðitíma. Eins var byggt á eldri gögnum um viðkomu hreindýrastofnsins, þá aðallega þeim gögnum sem kvótasetning síðasta árs byggðist á.

Náttúrustofa Austurlands lagði til að veiðikvóti ársins 2024 yrði 800 hreindýr; 397 kýr og 403 tarfar sem er 101 dýri eða 11% færri en í fyrra. Miðað við gróflega áætlaðan 4070 dýra vetrarstofn þýðir það 19,6% veiðiálag sem er nokkuð undir veiðiálagi fyrri ára. Töluverð óvissa var um fjölda og dreifingu dýra á mörgum svæðum og þótti réttara að stíga varlega til jarðar með tilliti til kvóta ársins 2024 og hækka þá frekar kvóta aftur árið 2025 til samræmis við niðurstöður talninga á komandi misserum.

Jafnframt var lagt til að mörk veiði- og ágangssvæða yrðu óbreytt frá fyrri árum, veiðitímabil það sama og fyrri ár, þ.m. að kúaveiði yrði heimiluð í nóvember á svæðum 8 og 9 og að skara megi kúaveiði milli þessara svæða ef þörf þykir. Eins og fyrr er lagt til að kálfar og veturgamlir tarfar verði áfram friðaðir.



HREINDÝR

KORTLAGNING BURÐARSVÆÐA HREINDÝRA

Burðarsvæði Snæfellshjarðar hafa verið kortlögð árlega frá 2005. Tilgangurinn er að reyna að meta áhrif Kárahnjúkavirkjunar á nýtingu hreindýra á hefðbundnum burðarsvæðum innan veiðisvæðis 1 og 2 (áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar) og fá mynd af því hvort svæðin næst virkjunarmannvirkjum og uppistöðulónum gæti aftur nýst hreinkúm á burðartíma, eins og raunin var fyrir virkjun, þegar frá liði framkvæmdum.

Eftir illa heppnað burðarflug vorið 2022 gekk mjög vel að telja á burðartíma 2023, einkum á veiðisvæði 1, en þar hjálpuðu kýr með GPS hálskraga mikið. Flogið var dagana 16., 17. og 31. maí og voru eftirfarandi talningasvæði flogin á veiðisvæði 1; Kringilsárrani, Sauðárrani, Brúaröræfi, Jökuldalsheiði, Útheiðar, Vopnafjörður og Norðausturheiðar. Auk þess var flogið yfir hluta veiðisvæða 1, 2, 6, 7 og 8 þann 31. maí til að kanna ástand kúa með GPS hálskraga, einkum á hluta Austurheiðar, Vesturöræfi, Undir Fellum, Suðurfell og Múla.

Alls fundust 197 dýr á veiðisvæði 1 í talningum dagana 16. og 17. maí, þar af 84 kýr og 25 kálfar. Í talningu þann 31. maí fundust alls 260 dýr á veiðisvæði 1, þar af 139 kýr og 75 kálfar. Á veiðisvæði 2, 6, 7 og 8 fundust samtals 287 dýr (241 á VS2 eingöngu) þann 31. maí, þar af 110 kýr (87 á VS2) og 81 kálfur (61 á VS2).

KÝR MEÐ GPS HÁLSKRAGA

Staðsetningarbúnaður sem settur er um háls hreinkúa er mikilvægur þáttur rannsókna og vöktunar. Við upphaf árs 2023 voru einungis tvær kýr með virk GPS senditæki, en átta kýr til viðbótar voru merktar vorið 2023. Ein þeirra var óvart skotin á veiðitíma í ágúst og tvær urðu rafmagnslausar í lok árs og því sendu 7 kýr staðsetningar í árslok.

UMHVERFISVÖKTUN

ÁHRIF ÁLVERS ALCOA- FJARÐAÁLS Á YTRA UMHVERFI

Umhverfisvöktun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði var haldið áfram eins og verið hefur frá árinu 2004. Markmiðið er að fylgjast með áhrifum álversins á gróður, vatn, loftgæði og búfé. Vöktunin er unnin í samstarfi við Hafrannsóknastofnun, sem sér um efnagreiningar og Eyrúnu Arnardóttur dýralækni sem sér um mat á líkamlegu ástandi lifandi búfjár. Gróður- og vatnssýnum er safnað reglulega til efnagreininga. Ástand gróðurs er metið sjónrænt og fylgst er með sjaldgæfum tegundum plantna á svæðinu. Mælingar á vexti furutrjáa hafa einnig verið gerðar frá því áður en álverið tók til starfa. Jafnframt er fylgst með heilbrigði búfjár sem gengur í Reyðarfirði.

RUSL Í FJÖRU Í REYÐARFIRÐI

Náttúrustofan hefur sinnt vöktun á rusli í fjöru í Reyðarfirði frá árinu 2021. Verkefnið er unnið í samstarfi við Umhverfisstofnun, eftir aðferðafræði og leiðbeiningum frá OSPAR. Tilgangur vöktunarinnar er að finna uppruna rusls á ströndum, hvaða flokkar af rusli safnast mest fyrir, meta magn sem safnast fyrir yfir ákveðið tímabil og að fjarlægja ruslið. Alls eru sjö fjörur vaktaðar á Íslandi en með vöktuninni uppfyllir Ísland hluta af aðgerðaráætlun OSPAR um að draga úr skaðsemi úrgangs í hafi og á ströndum. Í Reyðarfirði er plast og hlutir tengdir sjávarútvegi algengasta ruslið sem er sambærilegt því sem finnst í öðrum fjörum á Íslandi. Einnig hefur fundist töluvert magn af postulíns- og glerbrotum í Reyðarfirði sem þótti heldur óvanalegt. Við nánari athugun kom í ljós að gamlir aflagðir ruslahaugar voru staðsettir fyrir ofan fjöruna og postulínið og glerið komið þaðan.

KOLEFNISMÆLINGAR

Sumarið 2022 fór af stað vöktunarverkefni á Austurlandi við mælingar á kolefnisforða og -flæði úr jarðvegi sem hélt áfram sumarið 2023. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landgræðsluna og er hluti af verkefni á landsvísu. Landgræðslan útvegaði mælibúnað sem mælir bæði bindingu og losun CO₂ úr jarðvegi. Með þessum mælingum er hægt að áætla heildarlosun eða bindingu með nokkuð góðri vissu sem kemur til með að nýtast til að ná árangri í loftslagsmálum.

UMHVERFISVÖKTUN

FLÓRA OG FÁNA Í FÓLKVÖNGUM FJARÐABYGGÐAR

Árið 2022 hófst fjögurra ára vöktun á flóru og fánu í Fólkvangi Neskaupstaðar og Hólmanesi fólkvangi og friðlandi. Náttúrustofan sér um vöktunina fyrir Fjarðabyggð og árið 2023 var m.a. safnað upplýsingum um fjölda refagrenja í ábúð og þéttleika mófugla auk þess sem útbreiðsla ágengra tegunda og votlendi var kortlagt.

MENGUNAREFNI Í KRÆKLINGI Í MJÓAFIRÐI


Kræklingi hefur verið safnað á þremur stöðum í Mjóafirði frá árinu 2016 fyrir Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum. Verkið er hluti af mengunarvöktun á lífríki sjávar við Ísland sem hefur verið framkvæmt síðan 1989. Markmið vöktunarinnar er að uppfylla skuldbindingar Íslands vegna verndunar NA-Atlantshafsins (OSPAR), auk AMAP (Arctic Monitoring Assessment Program). Sýnin voru send til Matís þar sem ólífræn snefilefni og þrávirk lífræn mengunarefni eru mæld í þeim. Niðurstöðurnar sýna að ástand sjávar er gott hér við land með tilliti til mengandi efna. Þó má sjá sveiflur, bæði náttúrulegar og af mannavöldum, milli ára í styrk nokkurra efna. Kadmín er eitt þeirra efna þar sem styrkur sveiflast nokkuð milli ára og hefur það nokkrum sinnum mælst yfir neysluviðmiðum á tveimur stöðum í Mjóafirði og einnig í Skötufirði fyrir vestan. Ástæðan er talin vera eldvirkni landsins.

UMHVERFISVÖKTUN

VÖKTUN VERNDARSVÆÐA

Árið 2020 hófst verkefni sem snýr að vöktun verndarsvæða og annarra svæða sem eru undir álagi ferðamanna. Verkefnið er samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og náttúrustofa um landið. Það er unnið fyrir umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið og hefur Náttúrufræðistofnun yfirumsjón með því. Árið 2022 var umfang verkefnisins stækkað og settir saman faghópar til að skilgreina lykilþætti íslenskrar náttúru óháð álagi ferðamanna. Alls voru faghóparnir fimm: vistgerðir á landi, vistgerðir í fjöru, fuglar, spendýr og jarðminjar og átti náttúrustofan fulltrúa í öllum hópum.

Sumarið 2023 var því bæði lögð áhersla á vöktun ferðamannastaða sem og vöktun á lykilþáttum íslenskrar náttúru. Náttúrustofan sinnti mælingum á fimm gróðursniðum á Vesturöræfum. Á Úthéraði voru mófuglar taldir á níu sniðum, vatnafuglar taldir tvisvar yfir sumarið og skúmshreiður heimsótt í tvígang. Strandfuglar voru taldir utan varptíma í Berufirði og á Breiðdalsvík. Strútsfoss í Fljótsdal var heimsóttur og svæðið umhverfis hann metið m.t.t. álags á jarðminjar og svæði í Hellisfirði á Gerpissvæðinu og Magnahellir við Hafrahvammagljúfur m.t.t. ferðamannaálags. Þar að auki voru landverðir virkjaðir í Kverkfjöllum, á Teigarhorni og við Helgustaðanámu til að fylgjast með ágangi ferðamanna innan sinna friðlýstu svæða.



UMHVERFISVÖKTUN

VÖKTUN VERNDARSVÆÐA frh.

Haustið 2023 hófst síðan vöktun á hagamúsum í Egilsstaðaskógi. Hundrað lífgildrum var komið fyrir í skóginum og staðsetning hnitsett og merkt með hælum og flöggum svo auðvelt væri að vitja þeirra aftur. Gildrurnar voru vitjaðar á hverjum degi í fimm daga samfleytt. Ef mús var í gildru var henni sleppt ofan í kælibox og hún vigtuð, kyngreind og merkt og síðan sleppt á sama stað.

Veiðarnar gengu í heildina vel og veiddust einungis hagamús. Alls komu 160 mús í gildrurnar en margar veiddust oftár en einu sinni og voru í heildina veiddar og merktar 56 mús, þar af voru 32 karldýr og 24 kvendýr. Hlutfall endurveiddra músa jókst þegar leið á rannsóknina og var 58% fyrsta daginn en 82% og 86% hina þrjá dagana. Þyngd kvendýra var að meðaltali 17,3 g (spönn 12,1-28,8 g) og karldýra 17,1 g (spönn 12,0 - 22,7 g). Gögnum var síðan skilað í gagnagrunn NÍ sem sér að mestu um úrvinnslu og birtingu.



Smellið á myndina

GRÓÐUR

GRÓÐURREITIR Á ÚTHÉRAÐI

Náttúrustofan vaktar gróður í 34 rannsóknarreitum í nágrenni Lagarfljóts og Jökulsár á Dal á Úthéraði. Með Kárahnjúkavirkjun hækkaði vatnshæð í Lagarfljóti en lækkaði í Jökulsá á Dal og fylgist Náttúrustofan með breytingum sem verða á gróðri á áhrifasvæði þeirra í kjölfarið. Haustið 2023 voru reitirnir yfirfarnir, grunnvatnsstaða í þeim mæld og ummerki um beitardýr skráð.

VÖKTUN ÚTBREIÐSLU LÚPÍNU VEGNA VEGAFRAMKVÆMDA VIÐ GILSÁ Á VÖLLUM

Náttúrustofa Austurlands hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar til þess að vakta útbreiðslu lúpínu í kjölfar framkvæmda við nýbyggingu Skriðdals- og Breiðdalsvegjar ásamt brú yfir Gilsá á Völlum. Markmiðið er að fylgjast með mögulegri dreifingu lúpínu með aðfluttu efni á framkvæmdasvæðinu og mun Vegagerðin þá leitast við að stöðva útbreiðsluna jafnóðum. Vöktunin er til fimm ára og er unnin í samvinnu við Vegagerðina.

DAGUR HINNA VILLTU BLÓMA

Áhugahópurinn Flóruvinir hefur haft umsjón með Degi hinna villtu blóma, en það er samnorrenn dagur sem haldinn hefur verið árlega á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2004. Þar gefst almenningi kostur á að fara í gönguferð um nágrenni sitt með leiðsögumanni sem fræðir áhugasama um gróður á svæðinu. Náttúrustofan hefur um árabíl aðstoðað Flóruvini við skipulagningu blómadagsins á starfssvæði stofunnar. Árið 2023 bar blómadaginn upp á sunnudaginn 18. júní og að þessu sinni fór gangan fram í Fólkvanginum í Neskaupstað þar sem blóm voru skoðuð og rappað um líffræðilega fjölbreytni, auk þess sem unnið var að upprætingu einnar af nokkrum stórum lúpínubreiðum innan friðlýsta svæðisins.



GRÓÐUR

VETRARBEIT HREINDÝRA

Hreindýr eru einu jörturdýrin á Íslandi sem geta melt fléttur og þau nýta sér þær sem mikilvægan orkugjafa, einkum að vetri til. Haustið 2018 hófust rannsóknir á vetrarbeið hreindýra þar sem fylgst verður með fléttuþekju á þeim svæðum þar sem hreindýrin halda sig, einkum á veturna. Sumarið 2023 voru fléttur skoðaðar í 22 rannsóknar reitum á sex svæðum, allt frá Þistilfirði að Fljótsdalsheiði. Sumir rannsóknareitirnir hafa verið varðir með hvítum grindum til að koma í veg fyrir beiti hreindýra og annarra síðan vöktunin hófst. Við úrvinnslu gagna verður breyting á þekju og tegundasamsetningu flétta í sömu reitum árið 2018 skoðuð og reitir sem varðir eru fyrir beiti bornir saman við óvarða reiti.



FUGLAR

FUGLAR Á ÁHRIFASVÆÐI KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR

Frá árinu 2005 hafa valdar fuglategundir á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar verið vaktaðar. Heiðagæsahreiður voru talin á hefðbundnum sniðum á Vesturöræfum árið 2023 auk þess sem flogin voru nokkur snið með flygildi vítt og breitt á sama svæði í sama tilgangi. Farið var um fellisvæði heiðagæsa á Eyjabakkasvæðinu og dvergvangsfjöðrum safnað í þeim tilgangi að meta hlutfall ársgamalla gæsa í geldgæsahópum sem fella flugfjaðrir á svæðinu. Áfram var fylgst með fjölda hávella, stökkanda og skúfanda á Lagarfljóti. Þá voru skúmar með farvegi Jökulsár á Dal taldir, auk kjóa á afmörkuðu svæði ásamt lómum en þeir voru einnig taldir á Lagarfljóti.

Færri hávellur hafa sést á Lagarfljóti frá árinu 2020 en skúföndum hefur fjölgað talsvert frá fyrra ári. Fjöldi stökkanda féll niður í fyrra eftir uppsveiflu árið 2022 þegar fjöldinn mældist næst mestur frá því byrjað var að fylgjast með vetrarfjölda á Lagarfljótinu. Skúmi hélt áfram að fækka í farvegi Jökulsár á Dal sem er aðalvarpsvæði tegundarinnar á Úthéraði. Fjöldi skúmshreiðra á svæðinu hefur ekki mælst minni síðan athuganir Náttúrustofunnar hófust árið 2005.



FUGLAR

GRÁGÆSIR OG HEIÐAGÆSIR MEÐ GPS SENDITÆKI

Náttúrustofan hefur, síðan sumarið 2021, tekið þátt í samstarfsverkefni við Nature Scot í Skotlandi, Náttúrufræðistofnun Íslands og Arnór Sigfússon hjá Verkís, sem snýr að því að kortleggja vetrardvalarstaði grágæsa með nokkun GPS senditækja. Á vegum verkefnisins hafa alls 50 grágæsir verið merktar með slíkum tækjum. Nú er stefnt að því að fjölga virkum sendum um 80 á tveimur árum í tilraun til að nýta staðsetningatækni og talningar til að auka nákvæmni stofnmats. Sú viðbót er hluti af áætlun íslenskra og breskra stjórnvalda til að uppfylla skilyrði AEWA samningsins um verndun votlendisfugla á viðkomustöðum þeirra í Evrópu og Afríku.



Árið 2017 setti Náttúrustofan GPS senditæki á fimm heiðagæsir og var ráðgert að tækin myndu endast í þrjú ár. Tækin reyndust endast mun betur, en smám saman hafa gæsirnar þó týnt tölunni eða tækin gefið upp öndina. Gæsin Erlín heldur þó ótrauð áfram að senda okkur upplýsingar um staðsetningar sínar, en hún eins og stöllur hennar sem allar voru merktar á Vesturöræfum á sínum tíma, hefur haldið tryggð við það svæði þegar hún dvelur á Íslandi á sumrin. Á vetrum dvelur hún gjarnan suður við Liverpool í Bretlandi.

FUGLAR

VÖKTUN ÍSLENSKA GRÁGÆSASTOFNSINS

Árið 2020 hóf Náttúrustofa Austurlands ásamt Náttúrufræðistofnun Íslands vöktun á ýmsum stofnþáttum grágæsa á Íslandi. Í ljósi fækkunnar grágæsa undanfarinn áratug eða svo var þess farið á leit við Náttúrustofu Austurlands og samstarfsaðila að auka vöktun og rannsóknir með það að markmiði að tryggja sjálfbærni veiða en slíkt er skilyrði fyrir áframhaldandi veiðum samkvæmt ályktun aðildarþjóða AEWA samningsins. Sú vöktun felst aðallega í því að kanna afkomu tegundarinnar. Megin áhersla var lögð á að mæla ungfjölda með varppörum og aldursgreiningu í hópum að sumri og hausti um mest allt land en auk þess var sýnum safnað úr aflu veiðimanna til aldursgreininga og var sá verkþáttur í umsjá Verkís. Náttúrustofan sá um talningar að sumri og hausti og Náttúrufræðistofnun Íslands um talningar á grágæsum í nóvember. Í nóvember 2023 skilaði Náttúrustofan í samvinnu við samstarfsaðila sína lokaskýrslu fyrsta áfanga þessarar vöktunnar.



FUGLAR



VÖKTUN ÍSLENSKA GRÁGÆSASTOFNSINS frh.

Meðal unghlutfall árin 2020-2023 að sumri, frá seinni hluta júlí fram til upphafs veiðitíma (20. ágúst), var 24,6% ($\pm 1,9\%$ SE) en 14,3% ($\pm 1,0\%$ SE) að hausti, frá september fram í byrjun október. Hlutfallið var lægst, 7,7% ($\pm 1,4\%$ SE) haustið 2021 en hæst 27,3% ($\pm 1,3\%$ SE) sumarið 2023. Ungahlutfall að hausti var umtalsvert lægra en við mátti búast út frá niðurstöðum talninga á Bretlandseyjum í nóvember árin 1960-2019 sem bentu til þess að hlutfall unga væri að jafnaði um 20%. Meðal fjölskyldustærð 2020-2023 var 3,10 ($\pm 0,17$ SE) ungar á par á fyrra tímabili en 2,27 ($\pm 0,11$ SE) á seinna tímabili sem er nálægt meðaltali talninga frá Bretlandseyjum 1960-2019, 2,38 ungar á par. Því miður var hætt að mæla unghlutföll og fjölskyldustærð íslenskra grágæsa á Bretlandseyjum frá og með 2020, svo beinan samanburð við undanfarin ár vantar.

Í vetrartalningu seinni hluta nóvember 2020 fundust 11.980 grágæsir á Íslandi, eða um 19,9% af áætluðum heildarstofni á þeim tíma. Flestar, 10.907 (91%) á Suðurlandi. Í nóvember 2021, fundust 15.595 grágæsir á landinu eða 23,7% af áætluðum heildarstofni. Flestar, 13.929 (89%) á Suðurlandi. Í nóvember 2022 fundust 25.382 grágæsir á landinu og eins og fyrr voru þær flestar á Suðurlandi (16.484) eða um 65% en talningar frá Bretlandseyjum liggja ekki fyrir.

Nokkuð mikill munur virðist vera á milli unghlutfalls í afla á Suðurlandi og annarra landshluta og/eða leitni til hækkunar unghlutfalls eftir því sem að leið á tímabilið. Enn er óljóst hvort að unghlutfall í afla geti veitt upplýsingar um varþarangur og þau gögn sem við höfum undir höndum eru of gloppótt til að draga megi ályktanir af þeim.

Vinna er hafin við samantekt og frumvinnslu gagna í sambandi við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir grágæsastofninn og aðgerðaráætlunar á vegum AEWA samningsins.

FUGLAR


MÓFUGLAR

Mófuglar hafa verið taldir nær óslitið á 46 punktum á fimm skilgreindum rannsóknarsniðum víða um Úthérað frá árinu 2009. Talningarnar eru hluti af stærra verkefni þar sem mófuglar eru taldir víða um landið. Markmið þessara talninga er fyrst og fremst að fylgjast með breytingum á stofnstærð yfir lengri tímabil. Með verkefninu hefur byggst upp mikill gagnagrunnur um breytilegan þéttleika ýmissa tegunda mófugla milli ára og landshluta. Allar tegundir eru taldar en vöktunin beinist einkum að níu tegundum: heiðlóu, lóupræl, hrossagauk, jaðrakan, spóa, stelk, kjóa, skógarþresti og þúfutittlingi. Talningarnar hafa farið fram seinni hluta júní ár hvert.

Reiknaður lágmarkspéttleiki allra mófugla, óháð tegundum á rannsóknartímabilinu frá 2009 til 2023 var 76 fuglar/ferkílómetra. Minnstur var þéttleikinn 48 fuglar/ferkílómetra árið 2021 og mestur 100 fuglar/ferkílómetra árið 2015. Af einstökum tegundum hefur mesti meðalþéttleiki mælst hjá spóa, 18 fuglar/ferkílómetra (frá 9 til 26) svo lóupræl, 14 fuglar/ferkílómetra (frá 6 til 23) og jaðrakan 11 fuglar/ferkílómetra (frá 6 til 17). Minnstur þéttleiki hefur mælst hjá skógarþresti, 1 fugl/ferkílómetra (frá 0 til 2).

Þéttleiki flestra þeirra níu tegunda sem til skoðunar voru minnkaði á tímabilinu, þó mismikið eftir tegundum, að undanskildum skógarþresti og hrossagauk, en þéttleiki þeirra hefur aukist á rannsóknasniðum frá árinu 2009. Á næstu síðu eru gröf sem sýna fjölda fugla á punkti eftir tegundum á tímabilinu. Marktæk fækkun var á fjölda spóa, jaðrakana, heiðlóu og stelka, en marktæk aukning á fjölda skógarþrasta. Ekki var marktæk breyting á fjölda kjóa, hrossagauks, lóupræls eða þúfutittlings. Þessar niðurstöður eru nokkuð í takt við þróun á Suðurlandi.






FUGLAR

FUGLARANNSÓKNIR Í SAMSTARFI VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Árlega taka starfsmenn Náttúrustofunnar þátt í reglubundinni vöktun annarra stofnana á fuglum. Vetrarfuglatalning er skipulögð af Náttúrufræðistofnun Íslands til að meta fjölda og dreifingu fugla að vetrarlagi á Íslandi. Þessar talningar hafa verið stundaðar frá árinu 1952. Líkt og fyrri ár töldu starfsmenn stofunnar á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði. Úrvinnsla er öll á höndum NÍ og er hægt að sjá niðurstöður á heimasíðu þeirra.

Náttúrufræðistofnun Íslands sér líka um vöktun íslenska rjúpnastofnsins en starfsmenn Náttúrustofu Austurlands hafa í mörg ár lagt sitt af mörkum í þeirri vöktun. Rjúpur voru taldar á Rangá, við Hrafnabjörg á Héraði og á sniði við vegi á Úthéraði í maí þegar karrarnir eru hvað mest áberandi. Þá hefur Náttúrustofan safnað rjúpnavængjum úr veiði og sent Náttúrufræðistofnun til greiningar sem birtir árlegar niðurstöður á sínum vettvangi.

Haldið var áfram með vöktun ýmissa fuglategunda sem hófst árið 2022 í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. M.a. fór fram úttekt á vatnafuglum á Úthéraði og á strandfuglum utan varptíma í Berufirði. Þá var varpárangur skúma í Húsey kannaður í annað sinn sumarið 2023 og bentu niðurstöður til dræms árangurs. Varp hófst mjög seint og fáir ungar komust á legg. Sumarið 2022 herjaði skæð fuglaflensa á fugla á þessu svæði og líklegt að það hafi haft áhrif.



FUGLAR

FUGLARANNSÓKNIR Í SAMSTARFI VIÐ AÐRAR STOFNANIR frh.

Sumarið 2023 tók Náttúrustofan í fyrsta sinn formlega þátt í alþjóðlega sjófuglaverkefninu SEATRACK og voru 10 dægurritar (GLS) og 9 GPS ritar settir á fullorðna skúma sem fangaðir voru í Húsey, sem ætlað er að kortleggja ferðir fuglanna utan varptíma. Stefnt er að frekari útsetningum og endurheimtum á útsettum gagnaritum sumarið 2024, en skúmar eru mjög áttahagtryggir og halda sama óðali ár eftir ár.

Áður hefur Náttúrustofan tekið þátt í verkefni SEATRACK við að merkja fýla undir Hólmatindi í Eskfirði og í Papey, en eins og frægt er þvældist einn eskfirski fýllin lengst norður í Karahaf.

Vatnajökulspjóðgarður sinnir vöktun á ýmsum þáttum náttúrunnar og í ár hófu þeir vöktun á mófuglum. Starfsmenn Náttúrustofunnar veittu aðstoð við þá vöktun og halda utan um gögnin.




FIÐRILDI

FIÐRILDI FÖNGUÐ Í LJÓSGILDRUR

Fiðrildi eru veidd í ljósgildrur frá apríl til nóvember, í Neskaupstað, á Hallormsstað og á Jökuldal. Verkefnið hér eystra hefur staðið yfir frá árinu 2010 og er samstarf Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins og Páls Benediktssonar bónda á Hákonarstöðum á Jökuldal. Tilgangurinn er m.a. að skoða breytingar á fiðrildafánu vegna loftslagsbreytinga og náttúruhamfara og fylgjast með og skrásetja nýja landnema. Á árinu komu 28 tegundir í gildruna í Neskaupstað, 25 tegundir bæði í gildruna á Jökuldal og á Hallormsstað. Ullarmölur kom í fyrsta skipti í gildruna í Neskaupstað sumarið 2023 en að sama skapi þá er þetta í fyrsta skipti frá 2010 sem enginn tígulvefari kemur í Neskaupstað. Fjöldi fiðrilda sem kom í gildrunar á Hallormsstað og Jökuldal var með minna móti en aftur á móti hið gagnstæða í Neskaupstað það sem nýtt fjöldamet var slegið tæp 7000 eintök. Leynigestir eru sjaldgæfir í ljósgildrunum okkar en síðastliðið haust komst lítil hagamús í gildruna á Hallormsstað og endaði því miður ævina þar.

Á myndinni má sjá heildarfjölda fiðrilda eftir tegundum.

Reglulega fær Náttúrustofan fregnir af flækingsfiðrildum á ferð um Austurland og þá einkum aðmíralsfiðrildi. Í haust brá svo við að lirfur og púpur fundust í brenninetlu í Vallarnesi og er það fyrsta staðfesta tilfallið um klak þessarar tegundar hér á landi.



FRÆÐSLA

FUGLASKOÐUN Í FJARÐARBOTNUM

Árlegur fugladagur Náttúrustofu Austurlands og Ferðafélags Fjarðamanna var haldinn 29. apríl 2023. Fjaran var óvenju seint að þessu sinni og var mæting við leirurnar á Norðfirði kl. 15:00 en við leirurnar á Reyðarfirði klukkutíma síðar.

Á Reyðarfirði var norðan strekkingur, léttskýjað, hiti 2 gráður og gott skyggni. Á Norðfirði var skyggnið einnig gott og aðeins hlýrra eða um 5-7 gráður en nokkuð stíf vestanátt við sjóinn. Fimm áhugasamir fuglaskoðarar mættu á Norðfirði og sjö á Reyðarfirði að starfsmönnum Náttúrustofunnar meðtöldum.

Þessar samverustundir við fuglaskoðun eru skemmtilegar og oft aðlagðar að óskum þátttakenda. Spjallað er um atferli, farflug og heiti fugla, bæði hjá algengari tegundum og þeim sjaldgæfari, eða tegundum sem erfiðari eru í greiningu. Allir sem vilja fá að prófa fjarsjár Náttúrustofunnar þar sem sjá má fuglana í meira návígi og fá þátttakendur aðstoð við stillingar á fjarsjóni eða við að finna tegundir og koma auga á greiningareinkenni þeirra. Tilgangur fuglaskoðunardagsins er fyrst og fremst útivera í fjörinni þar sem fuglaáhugamenn á ólíkum aldurs- og getustigum skiptast á ýmsum fuglafróðleik.

Í ár sáu 24 fuglategundir á Reyðarfirði en aðeins 14 tegundir á Norðfirði. Þar sem athuganir voru óvenju snemma þetta árið eða í lok apríl er líklegt að ýmsar tegundir hafi verið rétt ókomnar á Austurlandið um þetta leyti og því hending að svo margir fuglar sjáist í svo stuttri athugun eins og raun bar vitni á Reyðarfirði.



FRÆÐSLA

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ Í NESKAUPSTAÐ

Náttúrustofan sér um viðhald safngripa og stundum um móttöku gesta á Náttúrugripasafninu í Neskaupstað utan hefðbundins opnunartíma. Á safninu má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmyndahönnuðarins Unnar Sveinsdóttur.

GRUNNSKÓLANEMAR

Líkt og fyrri ár komu nokkrir nemar úr 10. bekk Nesskóla í starfskynningu og fengu þeir m.a. að kynnst Náttúrugripasafninu og undirbúa verkefni tengt því. Auk þess kynntust þeir annarri starfsemi stofunnar. Nemendur í 9. bekk í Nesskóla og danskir skiptinemar sem voru í heimsókn hjá þeim fengu að kynnst starfsemi Náttúrustofunnar ásamt því að fræðast um líffræðilega fjölbreytni og hvernig snjóflóðamannvirki virka. Þá hafa ungir grunnskólanemar á Egilsstöðum fengið fróðleik um hreindýr hjá Skarphéðni.

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS Á MIÐLUM

Á vefsíðu Náttúrustofunnar, www.na.is, er haldið utan um gagnlegar og fróðlegar upplýsingar tengdar starfi stofunnar, m.a. birtast þar flestar skýrslur sem Náttúrustofan vinnur og þar eru sagðar fréttir. Náttúrustofan er líka á samfélagsmiðlum með fésbókarsíðu og instagram reikning sem hafa að einhverju leyti tekið yfir fréttahlutverk vefsíðunnar. Þar birtast stuttar og óformlegar fréttir og ýmsar upplýsingar úr starfi Stofunnar.

FYRIRSPURNIR FRÁ ALMENNINGI UM UNDIR NÁTTÚRUNNAR

Ekki var mikið um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með ýmis undur náttúrunnar til greiningar á árinu. Þó eru alltaf einhverjir sem gauka að okkur t.d. upplýsingum um skrýtna fugla eða afbrigðileg blóm. Starfsmenn taka eftir sem áður góðfúslega við öllum slíkum erindum. Ef ekki tekst að greina náttúrugripi á staðnum er þeim komið áfram til annarra sérfræðinga. Eins og undanfarin ár bárust til stofunnar nokkrir skógarmítlar en flestir höfðu þeir komið af dýrum eða fundist á gólfi á heimilium þar sem eru hundar eða kettir.

STIKLUR ÚR STARFSEMI

RANNSÓKNIR VEGNA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA

Ýmsar rannsóknir á gróðri, fuglum og vatnalífi voru unnar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda ýmiss konar. Verkefni voru bæði stór og smá. T.d. var gróður kortlagður á nokkrum valkostum nýrrar Holtavörðuheidarlínu 3 sem ráðgert er að liggi milli Blönduvirkjunar og Holtavörðuheidar. Við Lagarfossvirkjun er fyrirhugað að koma upp vindmyllum og var fuglalíf á svæðinu rannsakað vegna þessa þar sem annars vegar var dregin upp mynd af því hvaða fuglar nýta svæðið og hvernig og hins vegar var flugumferð fugla um svæðið kortlögð svo hægt væri að meta hvort og þá hvaða fuglum er hætt við að fljúga á vindmyllurnar. Ýmsum öðrum smáverkefnum var einnig sinnt, svo sem kortlagningu votlendis í landi Tungusels í Þistilfirði vegna framkvæmda og í landi Vallholts í Mývatnssveit vegna endurheimtar votlendis samkvæmt alþjóðlegum staðli. Þá var vistfræðilegt mat lagt á byggingarlóð á höfuðborgarsvæðinu þar sem byggt er samkvæmt BREEM staðli.



STIKLUR ÚR STARFSEMI

FISKIRÆKT Í LAGARFLJÓTI

Í lok árs 2022 fól Landsvirkjun Náttúrustofunni umsjón með verkefni sem hefur verið í gangi um langt skeið og snýr að því að byggja upp sjálfbæran stofn laxa í Lagarfljóti eftir byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Um 50 þúsund seiði voru sótt í fiskeldisstöð við Húsavík og sleppt í þrjár ár á vatnasviði Lagarfljóts: Kelduá, Eyvindará og Grímsá í tveimur skömmtum. Þann 1. júní var rúmlega 12 þúsund seiðum sleppt í Kelduá, og þann 6. júlí var rúmlega 10 þúsund seiðum sleppt annars vegar í Eyvindará og hins vegar í Grímsá og rúmlega 12 þúsund seiðum sleppt í Kelduá. Verkefnið var unnið í samvinnu við Veiðifélag Fljótaldalshéraðs. Í lok sumars var klakfiski safnað í fiskistiga við Lagarfoss og neðan við Lagarfoss og fiskunum keyrt norður á fiskeldisstöð til að eiga nýjan árgang af seiðum til sleppingar á sömu stöðum sumarið 2024.



STIKLUR ÚR STARFSEMI

RANNSÓKN VEGNA SJÚKDÓMA Í ELDISLAXI

Náttúrustofan annaðist sýnatökur á sjó og botnseti fyrir verkefni sem Fiskeldi Austfjarða hóf árið 2023. Tilgangur verkefnisins er að leita eftir smásæju sníkjudýri (*Parvicapsula pseudobranchicola*) sem veldur sjúkdómum í eldislaxi. Sýnum af sjó og botnseti var safnað við fiskeldissvæðið Svarthamarsvík í Berufirði og Sigmundarhús í Reyðarfirði og er gert ráð fyrir að sýnatökurnar fari fram mánaðarlega í eitt ár. Sýnin voru send samdægurs á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði þar sem þau voru meðhöndluð og leitað eftir sníkjudýrinu. Auk mánaðarlegra sýnatöku var sýnum af sjó og botnseti safnað í eitt skipti í Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Seyðisfirði.



STIKLUR ÚR STARFSEMI

REFIR OG MINKAR

Náttúrufræðistofnun Íslands sinnir vöktun og rannsóknum á íslenska refastofninum. Þá hefur Náttúrustofa Vesturlands sinnt vöktun og rannsóknum á minknum. Mikilvægur þáttur í þeirri vöktun eru hræ sem þessum stofnunum berast frá veiðimönnum. Náttúrustofa Austurlands aðstoðar við þessa vöktun með því að taka á móti hræjum af bæði mink og ref sem komið er áleiðis til rannsókna.

Árin 2022 og 2023 bárust alls 85 refir frá Austurlandi til rannsókna hjá Náttúrufræðistofun Íslands, meiri hluti þeirra eða 58 voru karldýr. Meðal aldur dýranna var rétt rúmlega 1,1 ár en elsta dýrið var tæplega 4 ára læða sem var veidd árið 2022 á Suðurfjörðum og yngstu yrðlingarnir voru 3 mánaða. Meðalþyngd þeirra dýra sem voru vigtuð var 3,4 kg, en þyngsta dýrið var 5,5 kg sem var steggur veiddur 2023 í Fáskrúðsfirði.



STIKLUR ÚR STARFSEMI

STÖÐVARKÓNGUR

Skarphéðinn heitinn hafði mikinn áhuga á því að fá úr því skorið hvort sjávarsnigillinn stöðvarkóngur væri stökkbreytt afbrigði af beitukóngi eða ný og sjaldgæf tegund sem finnst á afar takmörkuðu svæði í og við Stöðvarfjörð. Illa hefur gengið að finna lifandi eintök til að nýta til greininga á erfðaefni, þann þann 24. mars 2022 fannst nýdautt eintak af stöðvarkóngi við Gvendarnes milli Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og var ákveðið að reyna að nýta hann. Áki Jarl Lárusson, stofn-erfðafræðingur hjá Hafrannsóknastofnun tók að sér að raðgreina sýni sem Fríða Jóhannesdóttir og Kristinn Pétur Magnússon voru búin að útbúa fyrir raðgreiningu vorið 2023. Fyrstu niðurstöður raðgreiningar á erfðamengi stöðvarkóningsins bárust stuttu eftir áramót 2023-24. Bæði var raðgreint sýni úr beitukóngi frá Gvendarnesi og stöðvarkónginum. Skemmst er frá því að segja að raðgreining á beitukónginum gekk vel, en raðgreining stöðvarkóningsins gekk ekki vel og hugsanlegt að upp hafi komið villa í raðgreiningarferlinu. Því er áfram beðið eftir niðurstöðum frá nýrri raðgreiningu.



STIKLUR ÚR STARFSEMI

NÁKUÐUNGUR


Nákuðungurinn er við norðurmörk útbreiðslu sinnar á Íslandi. Á [upplýsingasíðu Hafró](#) er hann sagður algengur við suðvestur- og vesturströnd landsins, sjaldgæfari við norðurströndina en finnist ekki við Austfirði þar sem sjór er jafnan kaldastur. Í starfsmannaferð Náttúrustofu Austurlands í Skálanes við Seyðisfjörð þann 26. júlí 2023 fundust lifandi eintök í fjöru skammt austan við húsið. Samkvæmt samantekt Skarphéðins G. Þórissonar voru skráðir fundastaðir við Austfirði á árunum 2011-2023 þessir: Finna fjörður milli Hellulands og Hafna, Bjarnarey, Skálanes, Teigarhorn við Berufjörð, Djúpivogur og Stokksnes við Hornafjörð en þar fundust nokkrir dauðir kuðungar í maí 2014.



STIKLUR ÚR STARFSEMI

SAMTÖK NÁTTÚRUSTOFA

Samtök náttúrustofa hafa með sér samráð um ýmis mál og halda árlega aðalfund. Aðalfundur SNS var haldinn þann 27. nóvember 2023. Fyrir samtökunum fer þriggja manna stjórn þar sem forstöðumenn allra náttúrustofa eiga sæti með reglubundnum hætti. Miðað er við að á hverju ári gangi sá forstöðumaður sem lengst hefur setið úr stjórn og inn komi nýr. Á þessu eru undantekningar þegar nýráðnir forstöðumenn stofa koma inn í stjórn. Þorkell Lindberg Þórarinsson forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands var formaður samtakanna árið 2023 og Kristín Ágústsdóttir forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands og Róbert Arnar Stefánsson forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands voru meðstjórnendur.



STARFSMANNASAMVERA

Þann 26. júní héldu starfsmenn Náttúrustofu Austurlands í vel heppnaða starfsmannaferð á Seyðisfjörð. Þar voru heimsóttir fornleifafræðingar við uppgröft við Fjörð og að því loknu tók Ólafur Örn Pétursson, sem rekur Skálanes náttúru- og menningarsetur yst í sunnanverðum Seyðisfirði, við hópnum. Fyrst var skrifstofu- og rannsóknaraðstaða að Strönd rétt utan við þéttbýli Seyðisfjarðar sunnanvert skoðuð. Síðan var brunað að Skálanesi og gengið út að Skálanesbjargi undir styrkri leiðsögn Ólafs. Heimsóknin var afar fróðleg og nutu starfsmenn samverunnar. Þegar horft er til baka þá sköpuðust þarna dýrmætar minningar. Hér eru nokkrar myndir úr ferðinni.

Í kjölfar flugslyssins var starfsmanna samvera þó nokkur, þar sem við hittumst ýmist öll saman og í minni hópum. Starfsmenn stofunnar þjöppuðu sér saman og fóru í gegnum þetta krefjandi verkefni með stuðningi hvers annars og með góðri aðstoð fagaðila.


Stór hópur starfsmanna og maka fór saman á jólahlaðborð í Frystihúsinu á Breiðdalsvík þann 2. desember og naut þar góðrar samveru og ljúffengra veitinga.




FJÁRMÁL

Afkoma af rekstri Náttúrustofu Austurlands rekstrarárið 2023 var jákvæð. Eigið fé og skuldir í árslok voru 159 milljónir og bókfært eigið fé var tæplega 117 milljónir. Tekjur og gjöld skiptast með svipuðum hætti og síðastliðin ár. Meiri hluti tekna stofunnar eru sértekjur (66%) og launakostnaður er langstærsti gjaldaliðurinn (80%). Fyrirtækið Deloitte hf. annast endurskoðun, reikningsskil, skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.

SKIPTING GJALDA 2023



SKIPTING TEKNA 2023



RITLISTI

Skýrslur Náttúrustofu Austurlands má nálgast á vefsíðu hennar.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Elín Jónsdóttir, Ester Inga Eyjólfsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Margrét Gísladóttir (2023). Alcoa Fjarðaál. Umhverfissvöktun 2022. Unnið fyrir Alcoa Fjarðarál. Náttúrustofa Austurlands NA-230241

Erlín Emma Jóhannsdóttir og Hálfán Helgi Helgason (2023). Laxar fiskeldi ehf. Umhverfissvöktun 2022. Unnið fyrir Laxar fiskeldi ehf. Náttúrustofa Austurlands NA-230244

Erlín Emma Jóhannsdóttir (2023). Grunnrannsóknir á þörungum í fjöru við eldissvæðin Kolmúla, Hafranes og Vattarnes í Reyðarfirði. Unnið fyrir Laxar fiskeldi ehf. Náttúrustofa Austurlands NA-230246

Erlín Emma Jóhannsdóttir og Margrét Gísladóttir (2023). Stækkun Mjóeyrarhafnar, 3. og 4. áfangi. Rannsóknir á lífríki fjöru og sjávarbotns vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Unnið fyrir Fjarðabyggðarhafnir. Náttúrustofa Austurlands NA-230247

Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir (2023). Vegabætur á Uxahryggjaleið frá Brautartungu að Kaldadalsvegi. Gróðurrannsóknir vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Austurlands NA-230245

Guðrún Óskarsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Zdenek Siroky (2023). Gróður á áhrifasvæði fyrirhugaðs vindorkugarðs á Mosfellsheiði. Unnið fyrir Zephyr Iceland ehf. Náttúrustofa Austurlands NA-230242

Hálfán H. Helgason, Svenja N.V. Auhage, Halldór Walter Stefánsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson (2023). Vöktun íslenska grágæsastofnsins 2020-2022. Lokaskýrsla. Unnið fyrir Umhverfisstofnun. Náttúrustofa Austurlands NA-230248

Hálfán H. Helgason, Halldór Walter Stefánsson, Kristján Lillendahl og Þorleifur Eiríksson (2023). Fuglalíf á Berufirði frá apríl 2021 til mars 2022. Náttúrustofa Austurlands NA-220230

RITLISTI

Skýrslur Náttúrustofu Austurlands má nálgast á vefsíðu hennar.

Hálfván Helgi Helgason, Halldór Walter Stefánsson, Margrét Gísladóttir, Rán Þórarinsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Zdenek Siroky og Kristín Ágústsdóttir (2023). Fuglalíf á Hrauni við Garpsdal og nærsvæðum. Rannsóknir vegna fyrirhugaðs vindmyllugarðs. Náttúrustofa Austurlands NA-230237

Hálfván H. Helgason og Kristín Ágústsdóttir (2023). Tillögur Náttúrustofu Austurlands að hreindýrakvóta ársins 2024. Náttúrustofa Austurlands NA-230249

Kolbrún Sverrisdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Hálfván Helgi Helgason og Páll Leifsson (2023). Áhrif fiskeldis á Íslandi á fugla og sjávarspendýr. Náttúrustofa Austurlands NA-230250

Kristín Ágústsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Rán Þórarinsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Erlín Emma Jóhannsdóttir (2023). Geitdalsárvirkjun. Gróður, fuglar, hreindýr og vatnalíf. Unnið fyrir Mannvit. Náttúrustofa Austurlands NA-230243

Margrét Gísladóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Hálfván Helgi Helgason, Skarphéðinn G. Þórisson, Kolbrún Þóra Sverrisdóttir, Zdenek Siroky og Anna Karen Marinósdóttir (2023). Vöktun flóru og fínu í fólkvöngum Fjarðabyggðar. Áfangaskýrsla 2022. Náttúrustofa Austurlands NA-230240

Margrét Gísladóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Halldór Walter Stefánsson (2023). Vöktun verndarsvæða sumarið 2022 á Austurlandi. Náttúrustofa Austurlands NA-230239

ERINDI OG VEGGSPJÖLD

Guðrún Óskarsdóttir (2023). Náttúruvernd og efling byggða. Erindi á málþingi á vegum Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi Eystra í Þórsveri, Þórshöfn 3. apríl 2023.

Guðrún Óskarsdóttir (2023). Gróðurframvinda í lúpínubreiðum á Austurlandi. Fyrirlestur í fyrirlestraröðinni Nýjustu fræði og vísindi á Austurlandi á vegum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi, Héraðsskjalasafns Austfirðinga, Minjasafns Austurlands, Gunnarsstofnun, Sögufélags Austurlands og Hallormsstaðaskóla. Egilsstöðum 25. maí 2023.

Guðrún Óskarsdóttir (2023). Biodiversity. Erindi flutt fyrir skiptinema og nemendur í 9.bekk í Nesskóla í Safnahúsi í Neskaupstað 9. maí 2023.

Guðrún Óskarsdóttir (2023). Lúpína. Erindi flutt fyrir háskólanema frá Bretlandi. Haldið á Skálanesi 8. september 2023.

Hálf dán H. Helgason (2023). Fuglarannsóknir vegna vindorkuvera í Fljótsdal. Erindi á fundi með landeigendum og aðstandendum verkefnis. Végarður, Fljótdal 18. september 2023.

Kristín Ágústsdóttir og Halldór W. Stefánsson (2023). Heiðagæsir með GPS senditæki. GPS merkingar á Vesturöræfum. Erindi í erindaröð stofnana Matvælaráðuneytis, umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðuneytinu og náttúrustofa landsins. Á netinu 30. nóvember 2023.

Skarphéðinn G. Þórisson og Fríða Jóhannesdóttir (2023). Wild Icelandic or alien domesticated Norwegian reindeer. Veggspjald á ráðstefnu North American Caribou Workshop and Arctic Ungulate Conference 2023. Anchorage, Alaska 12. maí 2023.



Höfuðstöðvar í Neskaupstað
Bakkavegi 5
740 Neskaupstað

Starfsstöð á Egilsstöðum
Tjarnarbraut 39b
700 Egilsstöðum

Sími 477-1774
veffang: www.na.is
netfang: na@na.is